



***Lög AFLs  
Starfsgreinafélags***

# I. Kafli. Nafn, hlutverk, tilgangur og félagaaðild.

## 1. gr. Nafn og hlutverk

Félagið heitir AFL Starfsgreinafélag. Félagssvæði þess er Sveitarfélagið Hornafjörður, Djúpavogshreppur, Breiðdalshreppur, Fjarðabyggð, Seyðisfjörður, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Borgarfjarðarhreppur, Vopnafjarðarhreppur og Langanesbyggð. Félagið er aðili að Starfsgreinasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra verslunarmanna og Samiðn, sambandi iðnfélaga sem eru aðilar að Alþýðusambandi Íslands. Einnig getur félagið sótt um og gerst aðili að öðrum landssamböndum ef það er talið eiga við vegna starfsgreina. Heimili félagsins og varnarþing er í Fjarðabyggð.

## 2. gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins er:

- Að sameina allt starfandi launafólk sem starfar á félagssvæðinu og heyrir til þeim starfsgreinasamböndum sem nefnd eru í 1. gr.
- Að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna, svo sem með því að semja um kaup og kjör, bættan aðbúnað við vinnu og gæta þess að ekki sé gengið á rétt félagsmanna.
- Að vinna að fræðslu- og menningarmálum.

## 3. gr. Inngönguskilyrði

Inngöngu í félagið geta þeir fengið sem:

- Starfa, eða eru að hefja störf er 2. gr. a - liður greinir frá.
- Eru fullra 16 ára að aldri.
- Standa ekki í óbættum sökum við félagið eða önnur stéttarfélög innan ASÍ, sem viðkomandi hafa verið í.
- Eru ekki fullgildir félagsmenn í öðru félagi innan ASÍ.

Heimilt er að stofna deildir einstakra starfsstétta innan félagsins þar sem hópar launafólks er hafa sérstöðu um fagleg málefni og kaup og kjör eiga samleið um deildarstofnun af slíku tagi. Slíkar félagsdeildir skulu hafa með höndum sérmaal sinnar deildar og kjósa sér stjórn. Yfirstjórn og fjármál skulu vera sameiginleg. Reglugerðir slíkra deilda skulu hljóta samþykki með sama hætti og lög félagsins sbr. 26 grein.

## 4. gr. Innganga í félagið

Umsækjendur um félagsaðild skulu óska aðildar að félaginu með inntökubeiðni eða með skilum á gjöldum til félagsins. Aðild að félaginu skal staðfest af skrifstofu félagsins þegar umsækjandi hefur greitt félagsgjald í 4 mánuði.

Nú hefur launamaður sem ekki hefur sótt um félagsaðild, greitt félagsgjald í samræmi við ákvörðun aðalfundar félagsins á hverjum tíma, skal þá félagið innan 6 mánaða eftir að félagsgjaldi var fyrst skilað senda viðkomandi tilkynningu um staðfestingu á inngöngu í félagið. Geri hann ekki athugasemdir um aðild innan 10 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar telst hann orðin félagsmaður.

Ekki er þörf sérstakrar staðfestingar ef fjarvera úr félaginu varir eigi lengur en 24 mánuði samfelld.

Um iðgjöld þeirra sem ekki kjósa að gerast félagsmenn, gilda kjarasamningar félagsins á hverjum tíma.

Sé vafi um rétt til aðildar skal stjórn úrskurða um málið. Unnt er að skjóta þeirri ákvörðun til úrskurðar trúnaðarráðs og úrskurði þess til miðstjórnar ASÍ.

## 5. gr. Aukafélagar

Heimilt er að taka í félagið sem aukafélaga unglinga innan 16 ára aldurs, þá sem greiða til félagsins en hafa ekki óskað eftir inngöngu sbr. 4. gr. og aðra sem stunda vinnu

samkvæmt þeim samningum sem félagið hefur gert og starfa á starfssvæði félagsins um stundarsakir en eru félagar í öðru félagi.

Aukafélagar greiða fullt félagsgjald meðan þeir eru á félagssvæðinu, hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins, en hvorki atkvæðisrétt né kjörgengi.

Samninganefnd getur þó ákveðið við afgreiðslu einstakra mála, í tengslum við kjarasamninga, að aukafélagar hafi atkvæðisrétt.

Skyldur félagsins gagnvart aukafélögum eru hinar sömu og gagnvart aðalfélögum.

## 6. gr. Úrsagnir

Úrsögn úr félaginu getur því aðeins átt sér stað að félagsmaður sé skuldlaus við félagið. Úrsögn skal vera skrifleg. Hún skal afhent formanni félagsins eða skrifstofu ásamt félagsskírteini úrsegjanda.

Félagsmenn halda félagsréttindum meðan þeir gegna trúnaðarstörfum í verkalýðshreyfingunni.

Enginn getur sagt sig úr félaginu eftir að atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun hefur verið auglýst eða ákvörðun um vinnustöðvun hefur verið tekin af félaginu og þar til vinnustöðvuninni hefur verið formlega aflýst. Einnig er óheimilt að segja sig úr félaginu til þess að taka upp störf félagsmanna í öðru félagi er lagt hafa niður vinnu vegna deilu.

## II. Kafli. Réttindi og skyldur félagsmanna, réttindamissir, brottrekstur

### 7. gr. Réttindi félaga

Réttindi félagsmanna eru eftirfarandi:

- Málfrelsi, tillögu- og atkvæðisréttur á félagsfundum svo og kjörgengi. Atkvæðisréttur um kjarasamninga eftir nánari ákvörðun félagsfundar.
- Réttur á styrkjum úr sjóðum félagsins, að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru í reglugerðum sjóðanna.
- Réttur til að vinna eftir þeim kjörum sem samningar félagsins ákveða hverju sinni.
- Réttur til aðstoðar félagsins vegna vanefnda atvinnurekenda á samningum.

### 8. gr. Skyldur félaga

Skyldur félagsmanna eru:

- Að hlíta lögum félagsins, fundarsköpum, fundarsamþykktum og samningum í öllum greinum.
- Að greiða félagsgjöldin á réttum gjalddaga.
- Að vinna ekki með ófélagsbundnum mönnum í greininni.
- Að stuðla að því að ófélagsbundnir menn gangi í stéttarfélagið og tilkynna til félagsins brot á lögum og samþykktum félagsins.

### 9. gr. Félagsgjöld og réttindamissir

Félagsgjöld eru ákveðin á aðalfundi og skulu innheimt sem ákveðið hlutfall af heildar launum, atvinnuleysisbótum, greiðslum úr fæðingarorlofssjóði eða reiknuðu endurgjaldi skv. ákvörðun ríkisskattsstjóra.

Til að öðlast kosningarétt og kjörgengi þarf greitt félagsgjald að ná lágmarksupphæð sem ákveðin er á aðalfundi ár hvert.

Þeir sem ekki hafa greitt félagsgjald í 1 ár fara sjálfkrafa yfir á aukafélagaskrá og eftir 2 ár skulu þeir strikaðir út af félagaskrá.

Félagismaður telst þó skuldlaus geti hann sýnt fram á að félagsgjöld hafi verið dregin af launum hans. Stjórn félagsins getur veitt þeim sem sjúkir eru og fallið hafa af launaskrá eða stunda nám eftirgjöf á félagsgjaldi

## 10. gr. Viðurlög

Ef félagsmaður er sakaður um brot á lögum félagsins skal málið tekið fyrir á stjórnarfundum sem ákveður með einföldum meirihluta atkvæða hvort veita skuli áminningu eða víkja félagsmanni úr félaginu. Skjóta má þeim úrskurði til félagsfundar.

Hver sá maður er rækur úr félaginu í lengri eða skemmri tíma sem að álitum félagsfundar hefur unnið gegn hagsmunum félagsins, bakað því tjón eða gert því eitthvað til vansa, svo og hver sem ekki hlýðir lögum þess eftir gefna áminningu í félaginu.

Úrskurði félagsfundar um áminningu eða brottvísun félagsmanns má vísa til viðkomandi landssambands og Alþýðusambands Íslands, en úrskurður félagsfundar gildir þar til sambandið ákveður annað.

Hafi félagsmanni verið vikið úr félaginu á hann ekki afturkvæmt í félagið nema inntökubeiðni hans sé samþykkt á lögætum félagsfundum.

## III. Kafli. Stjórn og trúnaðarráð

### 11. gr. Stjórn

Stjórn félagsins skipa 7 menn og 4 menn til vara: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, og 3 meðstjórnendur. Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára í senn, annað árið skal kjósa formann og þrjá aðra stjórnarmenn og hitt árið skal kjósa þrjá stjórnarmenn. Kjörtímabil varastjórnar er milli aðalfunda. Auk þess eiga formenn deilda sæti í stjórn og varformenn deilda eru varamenn þeirra í stjórn. Við kosningu stjórnar skal þess gætt að stjórnarmenn komi sem víðast af félagssvæðinu.

### 12. gr. Störf stjórnar

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn allra félagsmála milli félagsfunda. Stjórnin boðar til félagsfunda, sbr. 19. grein. Hún ræður starfsmenn félagsins, ákveður laun þeirra og vinnuskilyrði. Stjórnin ber sameiginlega ábyrgð á eignum félagsins. Skytt er stjórn félagsins að stuðla að því að allt er varðar sögu félagsins sé sem best varðveitt. Láti félagsmaður af trúnaðarstörfum sem hann gegnir fyrir félagið er honum skytt að skila af sér öllum gögnum sem trúnaðarstarf hans varðar.

### 13. gr. Formaður

Formaður félagsins kveður til stjórnarfunda og stjórnar þeim. Formanni er skytt að halda stjórnarfund óski a.m.k. 2 stjórnarmenn eftir því. Formaður undirritar gerðarbækur félagsins og gættir þess að allir stjórnarmenn geri skyldu sína. Hann hefur eftirlit með starfsemi félagsins og eftirlit með því að lögum þess og samþykktum sé fylgt í öllum greinum. Varastjórnarmenn taka sæti í stjórn í forföllum aðalmanna. Varaformaður gegnir skyldum formanns í forföllum hans.

### 14. gr. Ritari

Ritari ber ábyrgð á því að gerðarbækur félagsins séu haldnar og færðar í þær allar fundargerðir og lagabreytingar.

Hann undirritar gerðarbækur félagsins ásamt formanni. Heimilt er að taka upp fundi félagsins með vitund félagsmanna.

### 15. gr. Gjaldkeri

Gjaldkeri hefur á hendi eftirlit með fjárreiðum félagsins og bókfærslu eftir nánari ákvörðun stjórnarinnar.

## 16. gr. Trúnaðarráð

Trúnaðarráð skal vera starfandi í félaginu. Í ráðinu eiga sæti stjórn félagsins og varastjórn og 30 fullgildir félagsmenn sem kosnir eru í ráðið á aðalfundi ár hvert. Þá skulu kosnir 15 varamenn í trúnaðarráðið um leið og aðalmenn eru kosnir. Formaður félagsins skal vera formaður trúnaðarráðs og ritari félagsins ritari þess.

Formaður kveður trúnaðarráð til funda með þeim hætti er hann telur heppilegan, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Skylt er formanni að boða trúnaðarráð til fundar ef þriðjungur þess óskar og tilgreinir fundarefni. Trúnaðarráðsfundur er löglegur ef þriðjungur ráðsmanna mætir, eða alls 16 aðalmenn eða varamenn þeirra.

Formaður getur í nafni félagsstjórnar kallað saman trúnaðarráð stjórninni til aðstoðar þegar félagsleg vandamál ber að höndum og ekki eru tök á að ná saman félagsfundi, og ræður einfaldur meirihluti úrslitum í slíkum málum.

Hlutverk trúnaðarráðs er m.a. auk ofanritaðs:

- Að móta stefnu félagsins í mikilsverðum málum
- Að gera tillögu um atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun.
- Að leggja mat á samninga áður en þeir eru bornir undir atkvæði

## 17. gr. Samninganefnd

Samninganefnd skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast um kjarasamningagerð fyrir hönd félagsins. Nefndin skal kjörin af trúnaðarráði og í henni skulu eiga sæti að lágmarki 25 menn. Formaður félagsins skal vera formaður samninganefndar. Samninganefnd er heimilt að skipta með sér verkum eftir samningssviðum.

## 18. gr. Kjörstjórn

Kjörstjórn skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast um stjórn atkvæðagreiðslna um kjarasamninga, verkföll og allsherjaratkvæðagreiðslur skv. lögum félagsins. Kjörstjórnin skal kjörin af aðalfundi og í henni skulu eiga sæti tveir menn og tveir til vara. Við stjórnun atkvæðagreiðslna um kjarasamninga og verkföll skipar trúnaðarráð þriðja stjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar. Við stjórnun allsherjaratkvæðagreiðslna um önnur atriði skv. lögum félagsins og/eða lögum ASÍ skipar miðstjórn ASÍ þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

## IV. Kafli. Fundir og stjórnarkjör

### 19. gr. Félagsfundir

Félagsfundir skulu haldnir þegar félagsstjórn álitur þess þörf eða minnst 40 fullgildir félagsmenn óska þess við stjórn félagsins og tilgreina fundarefni. Fundir skulu boðaðir með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara. Þó má í sambandi við vinnudeilur boða fund með skemmri fyrirvara. Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Fundum félagsins skal stjórnað eftir almennum fundarsköpum. Komi upp ágreiningsatriði um fundarsköp úrskurðar fundarstjóri hverju sinni með rökstuddum úrskurði. Óski einstakur félagsmaður eftir skriflegri atkvæðagreiðslu á félagsfundi er fundarstjóra skylt að verða við þeirri ósk. Heimilt er að boða fundi bréflaga.

### 20. gr. Aðalfundur

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir lok maí ár hvert. Aðalfundur skal boðaður með dagskrá með 7 sólarhringa fyrirvara og er hann lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.

- Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til afgreiðslu.
- Kosning stjórnar, varastjórnar og trúnaðarráðs.
- Kosning tveggja félagslegra skoðunarmanna og eins til vara.
- Kosning til annarra stjórna og ráða sem lög og reglugerðir félagsins gera ráð fyrir.
- Lagabreytingar, ef fyrir liggja.
- Ákvörðun félagsgjalda.
- Önnur mál.

## 21. gr. Stjórnarkjör

Kjósa skal stjórn og varastjórn á aðalfundi sbr. 11. gr. Kjósa skal sérstaklega formann, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

Stjórn félagsins skal skipa fimm manna uppstillingarnefnd ár hvert. Uppstillingarnefnd skal gera tillögu um, þrjá stjórnarmen og fjóra í varastjórn og annað hvert á skal gerð tillaga um formann. Tillagan skal lögð fram eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund.

Félagsmenn geta boðið sig fram til einstakra embætta hafi þeir aflað sér meðmæli 20 fullgildra félagsmanna og skal slíku framboði skilað til félagsins eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund.

## V. Kafli. Fjármál

### 22. gr. Félagsgjöld

Aðalfundur skal ákveða upphæð og greiðslumáta félagsgjalda.

### 23. gr. Útgjöld

Af tekjum félags skal greiða öll útgjöld þess. Við meiri háttar ráðstafanir á eignum félagsins þarf samþykki félagsfundar.

### 24. gr. Skoðunarmenn og löggilt endurskoðun

Tveir félagslegir skoðunarmenn skulu yfirfara reikninga félagsins fyrir liðið reikningsár og gera athugasemdir sínar við þá. Skoðunarmenn eru kosnir á aðalfundi. Hlutverk þeirra er m.a. að hafa eftirlit með því að fjármunum félagsins sé varið til þeirra verkefna sem félagsfundur og/eða stjórn hafa ákveðið. Auk athugunar hinna félagskjörnu skoðunarmanna er stjórn félagsins skylt að láta löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga og fjárreiður félagsins í lok hvers reikningsárs. Reikningar félagsins skulu liggja frammi, til skoðunar fyrir félagsmenn, 7 dögum fyrir aðalfund.

### 25. gr. Sjóðir félagsins

Sjóðir í eigu eða vörslu félagsins skulu vera:

Félagssjóður, sjúkrasjóður, vinnudeilusjóður, orlofssjóður, svo og aðrir sjóðir sem stofnaðir kunna að vera. Allir sjóðir félagsins aðrir en félagssjóður skulu hafa sérstaka reglugerð sem samþykkja þarf á aðalfundi. Reglugerðum sjóða má aðeins breyta á aðalfundi. Reglugerð hvers sjóðs skal tilgreina hlutverk sjóðsins, hverjar tekjur hans skuli vera, hvernig verja skuli fé hans og hvernig honum skuli stjórnað.

Sjóðir félagsins skulu ávaxtaðir á tryggn hátt í ríkisskuldabréfum, í ríkistryggðum skuldabréfum í bönkum eða í sparisjóðum, í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign eða á annan hátt er stjórn félagsins og trúnaðarráð metur tryggn.

Tekjur félagsins skiptast milli sjóðanna samkvæmt ákvæðum í reglugerðum þeirra.

## Kafli VI Siðareglur og Verklagsreglur

### 26. gr. Siðareglur

Félagið setur sér siðareglur til viðmiðunar vegna aðkomu fulltrúa félagsins að málum félagsmanna og félagsins sjálfs er varða:

1. Persónugreinanleg gögn og persónuupplýsingar.
2. Fjármál og hagsmunatengsl.
3. Stefnumál félagsins.

### 27.gr. Gildistaka og breytingar siðareglna.

1. Stjórn AFL skal endurskoða siðareglur félagsins er ástæða þykir til eða siðanefnd AFLs mælist til endurskoðunar. Endurskoðaðar reglur er stjórn hefur samþykkt skal kynna með auglýsingu á heimasíðu félagsins og með sérstakri tilkynningu til starfsmanna, fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins og til trúnaðarmanna. Endurskoðaðar Siðareglur AFLs taka síðan gildi 30 almanaksdögum eftir að tilkynningar um breytingar eru sendar út. Ef 10 fullgildir félagsmenn AFLs gera skriflega athugasemd við endurskoðaðar reglur stjórnar skal gildistöku þeirra fresta og boðað til almenns félagsfundar þar sem breyttar reglur skulu bornar upp til samþykktar eða synjunar. Ræður einfaldur meirihluti afgreiðslu félagsfundar.

### 28. gr. Siðanefnd

Aðalfundur félagsins kýs ár hvert siðanefnd . Siðanefnd er skipuð þremur félagsmönnum. Heimilt er að í stað eins félagsmanns í siðanefnd komi lögmaður félagsins.

Siðanefnd skal fjalla um þau mál sem vísað er til hennar varðandi möguleg brot fulltrúa félagsins á siðareglum þess. Siðanefnd skilar síðan umsögn til stjórnar sem ákveður viðurlög við brotum fulltrúa félagsins á siðareglum þess.

Siðanefnd félagsins er stjórn til ráðgjafar um endurskoðun siðareglna.

### 29. gr. Kærumál

Allir félagsmenn hafa heimild til að óska álits Siðanefndar á framferði fulltrúa félagsins. Erindi til siðanefndar skulu vera skrifleg og undirrituð af þeim félagsmanni er óskar álitsins og skal fylgja greinagerð um það athæfi eða aðstæður sem viðkomandi telur stangast á við siðareglur.

Siðanefnd skal boða málsaðila til fundar og kynna síðan báðum málsaðilum niðurstöðu sína. Telji Siðanefnd að fulltrúi félagsins hafi brotið gegn siðareglum skal nefndin úrskurða hvort brotið teljist 1. Smávægilegt 2. Ámælisvert 3. Alvarlegt. Úrskurðum Siðanefndar skal fylgja greinagerð. Stjórn félagsins fjallar um niðurstöður Siðanefndar og ákvarðar framhald mála.

Teljast brot alvarlegt skal kynna niðurstöðu Siðanefndar á næsta fundi trúnaðarráðs félagsins.

### 30. gr. Verklagsreglur

Stjórn félagsins skal setja félaginu verklagsreglur um helstu málaflokka. Verklagsreglur skal kynna á heimasíðu félagsins.

Í verklagsreglum skal koma fram hvaða ferlum er fylgt við afgreiðslu mála félagsmanna.

## VII Kafli. Lagabreytingar

### 31. gr. Lagabreytingar

Lögum þessum má breyta á aðalfundi félagsins enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði. Einnig er heimilt að breyta lögum á félagsfundi, hafi lagabreytingarnar áður verið ræddar á félagsfundi og breytinganna getið í fundarboði.

Til þess að breytingin nái fram að ganga verður hún að vera samþykkt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða fullgildra félagsmanna.

Breytingar á lögnum koma fyrst til framkvæmda er stjórn hlutaðeigandi landssambands og miðstjórn ASÍ hefur staðfest þær.

## VIII. Kafli. Félagsslit

### 32. gr. Félagsslit

Félaginu verður ekki slitið nema 3/4 allra félagsmanna samþykki það að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu. Verði samþykkt að leggja félagið niður skal Alþýðusamband Íslands varðveita eignir þess þar til annað stéttarfélag er stofnað með sama tilgangi á félagssvæðinu. Fær það félag þá umráð eignanna að áskildu samþykki miðstjórnar Alþýðusambandsins.

Um sameiningu félaga skal fjallað á sama hátt og lagabreytingar.

**Lög félagsins þannig samþykkt á aðalfundi félagsins þann 7. maí 2011 og taka gildi þann sama dag.**